




ADALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

Breyting vegna endurnýjunar Selfosslínu 1 við Írafoss- og Ljósafossstöðvar



13.04.2026



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 26.03.2026 með athugasemdafresti til: 17.04.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

114209-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

IS/AB

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Gróður og lífríki	4
2.2	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	5
2.3	Vernd	5
2.4	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
2.5	Kerfisáætlun Landsnets	5
2.6	Orkustefna	6
2.7	Deiliskipulag	6
2.8	Minjar	6
2.9	Vatnshlot	6
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	7
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	7
4.1	Umhverfisþættir og áherslur	8
4.2	Valkostir og umhverfisáhrif	9
4.2.1	Niðurstaða	11
5	SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR	11
6	UPPDRÁTTUR	13

1 INNGANGUR

Landsnet undirbýr endurnýjun á hluta Selfosslínu 1, sem liggur frá Ljósafossstöð að Selfossi. Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér að Selfosslína 1 verður endurnýjuð frá Ljósafossstöð og að mastri nr. 8 sunnan Írafossstöðvar. Núverandi 66kV loftlína verður tekin niður og í staðinn verður lagður 132 kV jarðstrengur. Jarðstrengur mun í megindráttum liggja um svæði sem hefur verið raskað vegna mannvirkjagerðar. Breytingin er gerð til að mæta meiri raforkuþörf á Suðvesturlandi til framtíðar með því að spennuhækka línuna í 132 kV og geta þannig fullnýtt flutningsgetu hennar og bætt afhendingu raforku.

Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til HMS sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Fyrirspurn hefur verið send til HMS og úrskurðaði stofnunin 16. maí 2025 að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsgögn eru gildandi og breyttur skipulagsuppráttur ásamt greinargerð þessari.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Á því svæði sem aðalskipulagsbreytingin nær til eru reknar tvær vatnsaflsvirkjanir sem nýta vatn Sogsins; Ljósafossstöð norðar og Írafossstöð sunnar. Öll helstu virkjanamannvirki eru til staðar sem og háspennulínur sem allar eru á bilinu 66 – 220 kV. Svæðið er vel gróið og hefur trjám verið plantað umhverfis stöðvarnar, auk þess sem golfvöllur er við Írafossstöð. Rétt austan við stöðvarnar er Þingvallavegur og er aðkoma af honum. Vegna þeirrar starfsemi sem er til staðar í dag þá hefur svæðinu að miklu leyti verið raskað.

Strengleið liggur um iðnaðarsvæði virkjana og niður með Soginu, alls um 2,7 km að svonefndu mastri 8 í Selfosslínu. Núverandi loftlína verður tekin niður á þeim kafla.

2.1 Gróður og lífríki

Í vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar er að finna eftirtaldar vistgerðir á og í nágrenni svæðisins: Starungsmýravist og runnamýravist á láglandi með mjög hátt verndargildi. Bugðupuntuvist, grasmóavist, snarrótarvist og lyngmóavist á láglandi með hátt verndargildi. Aðrar vistgerðir með lágt verndargildi eru; skógrækt, tún og akurlendi, sanda og vikravist, hraungambravist og alaskalúpína.

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd jarðminja og vistkerfa er ekki að finna vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Talsvert fuglalíf er á svæðinu árið um kring og hefur það alþjóðlega þýðingu fyrir himbrima, húsönd og gulönd.

2.2 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Jarðstrengur kemur til með að liggja um iðnaðarsvæði I4 og I5, íþróttasvæði Íþ1, opið svæði OP2, frístundabyggð F24, landbúnaðarsvæði og hverfisverndarsvæði HV26.

Í aðalskipulaginu er sett fram eftirfarandi stefna fyrir rafveitu:

- Að sem flestar háspennulínur verði settar í jörð, þar sem eru loftlínur verði leitast til að draga úr áhrifum þeirra á umhverfi.
- Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli, þar sem því verður við komið.
- Við deiliskipulag svæða, framkvæmdir og/eða skógrækt skal taka tillit til helgunarsvæða raflína.

Jarðstrengur kemur til með að liggja um svæði sem nýtur hverfisverndar HV26.

Nr	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	JÖRÐ
HV26	Sogið ásamt bökkum	Sog með 50 m spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur ásamt Öndverðarnesi I. Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði. Svæðið er á náttúruminjaskrá (747).	Nokkrar jarðir

2.3 Vernd

Jarðstrengur mun liggja um svæðið Alviðru og Sog nr. 747 sem er á náttúruminjaskrá yfir aðrar náttúruminjar. Sog með 200 m spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun, ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.

Jarðstrengurinn muni einnig liggja um votlendissvæðið Sogið-Þingvallavatn sem er á B-hluta náttúruminjaskrár.

2.4 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Búsetumynstur og dreifing byggðar

Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

2.5 Kerfisáætlun Landsnets

Í [Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034](#) er gert ráð fyrir spennuhækkun Selfosslínu 1 í 132 kV, sem hluta af því verkefni að styrkja meginflutningskerfið á Suðurlandi. Þar kemur fram að álag á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi er mikið. Til að auka flutningsgetu þarf m.a. að skoða spennuhækkun á Selfosslínu 1 til þess að auka flutningsgetu á línunni og auka aflgetu á vestari hluta Suðurlands.

2.6 Orkustefna

[Orkustefna](#) til ársins 2050 er langtímastefna stjórnvalda um orkumál. Þar er sett fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar; orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.

Um orkuöryggi segir m.a. að „Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuíðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvára, skemmdarverka eða af öðrum orsökum“.

Orkustefna miðar að því að „styrkja þarf flutnings- og dreifikerfi til að mæta aukinni þörf í samfélaginu, með lágmarks umhverfisáhrifum, í samráði við hagsmunaaðila og aðra sem uppbyggingin snertir. Innviðir þurfa að vera tryggir og áfallapolnir. Áfallapol má bæta m.a. með nægilegri flutningsgetu, varaafli og/eða hringtengingum, jarðstrengjum og miðast við aðstæður og aðrar tæknilegar skorður“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágörkuð eins og kostur er.

2.7 Deiliskipulag

Tvö deiliskipulög eru í gildi á skipulagssvæðinu og hefur nýr jarðstrengur áhrif á þau.

- Deiliskipulag Írafoss- og Ljósafossvirkjunar, dagsett í mars 2022. Línan færir til innan deiliskipulagsmarka.
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Syðri Brúar, dagsett í febrúar 2005. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á skipulaginu. Núverandi Selfosslína 1 liggur í gegnum vestari hluta landsins.

Gerð verður breyting á deiliskipulagi samhliða eða í kjölfar aðalskipulagsbreytingar. Selfosslína verður felld út og sýnd sem jarðstrengur þess í stað.

2.8 Minjar

Deiliskráning fornminja fór fram í tengslum við gerð deiliskipulags stöðvanna árið 2018. Í deiliskipulagi er gerð grein fyrir þekktum minjum. Syðsti hluti strengleiðar var [deiliskráður 2025](#) og fundust engar fornleifar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.9 Vatnshlot

Á svæðinu er að finna grunnvatnshlotið Lyngdalsheiði 104-305-G, skv. vatnavefsja. Ástand grunnvatnshlotsins er ekki þekkt en um er að ræða vatnsmikla grunnvatnsstrauma sem liggja um svæði sem er í

nálægð við landbúnaðarsvæði, vegi og ýmislegt manngert umhverfi og mögulega undir einhverju álagi vegna þess, þrátt fyrir að það hafi ekki verið skráð.

Strengurinn kemur til með að þvera straumvatnshlotið Brúará 104-904-R þar sem hún sameinast Soginu. Vistfræðilegt ástand þess er mjög gott en efnafræðilegt ástand óþekkt. Ekkert álag er skráð.

Ekki er gert ráð fyrir að vatnshlot breytist eða að breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efnaeða eðliseiginleikum vatns frá því sem er í dag.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og uppdráttum. Á uppdrætti er hluti Selfosslínu 1 loftlínu felldur út og settur inn jarðstrengur þess í stað.

Breytingar á greinargerð

TAFLA 1. Stefna fyrir Selfosslínu 1 í gildandi aðalskipulagi.

HEITI	LÝSING OG STEFNA
Selfosslína 1	Loftlína og jarðstrengur frá Ljósafofssstöð að tengivirki við Selfoss, 66kV. Gert er ráð fyrir að línan verði spennuhækkuð í 132 kV og eftir atvikum lögð í jörð.

TAFLA 2. Stefna fyrir Selfosslínu 1 í breyttu skipulagi.

HEITI	LÝSING OG STEFNA
Selfosslína 1 loftlína	Loftlína frá mastri nr. 8 sunnan Írafosstöðvar að tengivirki við Selfoss, 66 kV. Gert er ráð fyrir að línan verði spennuhækkuð í 132 kV og eftir atvikum lögð í jörð. Norðan við mastur 8 verður línan tekin niður og öll ummerki um hana fjarlægð.
Selfosslína 1 jarðstrengur	Jarðstrengur 132 kV, frá mastri nr. 8 sunnan Írafosstöðvar að Ljósafofssstöð. Við nákvæma útfærslu og hönnun á staðsetningu strengs er heimilt að hnika honum lítillega til. Vanda skal frágang að loknum framkvæmdum. Helgunarsvæði jarðstrengs er alls 11 m. Áhersla er lögð á að raska landi sem minnst og ganga þannig frá í lokin að land grói upp og verksummerki hverfi.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingu er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir eru taldar upp í kafla 2.

4.1 Umhverfisþættir og áherslur

Skoðuð eru umhverfisáhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflunni hér að neðan og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 3. Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land <i>Nýting lands.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð. Landsskipulagsstefna <ul style="list-style-type: none"> Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. 	Hefur stefnan áhrif á hagkvæma nýtingu lands? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?
Gróður og lífríki <i>Gróður.</i> <i>Líffræðilegur fjölbreytileiki.</i> <i>Búsvæði fugla.</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 <ul style="list-style-type: none"> 61. gr. Vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar og forðast skal að raska. 	Hefur stefnan óafturkræf áhrif á gróður, líffræðilegan fjölbreytileika eða búsvæði fugla?
Vatn <i>Lífríki vatns.</i> <i>Bakkagróður.</i> <i>Umhverfi vatns.</i>	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 <ul style="list-style-type: none"> 62. gr. Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Lög um lax og silungsveiði nr. 61/2006 <ul style="list-style-type: none"> Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu. Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. 	Hefur stefnan áhrif á lífríki vatns, bakkagróður eða næsta nágrenni vatns?
Samfélag <i>Afhendingaröryggi raforku.</i> <i>Innviðir.</i> <i>Atvinnulíf.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð. Heimilt er að viðhalda og/eða endurnýja núverandi háspennulínur. Landsskipulagsstefna <ul style="list-style-type: none"> Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu 	Stuðlar stefnan að betra afhendingaröryggi raforku? Hefur stefnan áhrif á innviði? Hefur stefnan áhrif á íbúa eða atvinnulíf?

UMHVÆRISÞÁTTUR	UMHVÆRISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. Orkustefna <ul style="list-style-type: none"> Orkuþörf samfélags er ávallt uppfyllt. Innviðir eru traustir og áfallaþolnir. 	
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i> <i>Svæði á náttúruminjasrá.</i> <i>Hverfisverndarsvæði.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <ul style="list-style-type: none"> 21. gr. Óheimilt er að raska fornminjum. 	Hefur stefnan áhrif á fornminjar? Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá? Hefur stefna áhrif á hverfisverndarsvæði?

4.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Landsnet skoðaði tvær leiðir fyrir strenginn frá Írafossstöð að Selfosslínu 1. Annars vegar um 2,5 km langa leið beint suður frá Írafossi með þverun yfir vatnslítinn farveg Sogsins ofan á botnrás Írafossstöðvar. Þaðan vestan Sogsins um land Bíldsells, meðfram vegslóð gegnum skógarkjarr að mastri nr. 10. Hins vegar var skoðaður valinn kostur sem er um 2 km löng leið frá Írafossi til suðausturs yfir í land Syðri Brúar, meðfram árbakka Sogsins austan megin og að mastri nr. 8. Samanburður á leiðunum og samtöl við landeigendur leiddu til þeirrar niðurstöðu að þessi kostur var valinn.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- **Valinn kostur:** Selfosslína 1 verður sett í jörð sem 132 kV jarðstrengur frá Írafossstöð að mastri nr. 8.
- **Stefna í gildandi skipulagi:** Selfosslína 1 er 66 kV loftlína sem liggur milli Selfoss og Írafossstöðvar.

Áhrif af stefnu valins kosts

Áhrif á land eru óveruleg/neikvæð/jákvæð. Nýting lands takmarkast af helgunarsvæði jarðstrengsins sem er 11 m. Þar eru takmarkanir sem landeigendur og framkvæmdaaðililar eru bundnir af. Það eru einnig takmarkanir á helgunarsvæði loftlína þannig að það má leiða að því líkum að nýting lands geti verið neikvæð með tilkomu jarðstrengsins en kvaðir vegna hans eru þó ekki mjög frábrugðnar loftlínu. Jarðmyndanir sem njóta verndar eru ekki á svæðinu en þar er grágrýti frá síðari hluta ísalda. Við lagningu jarðstrengs eru tímabundin neikvæð áhrif vegna jarðrasks og varanleg áhrif á jarðmyndanir undir yfirborði. Með vandaðri framkvæmd, mótvægisáðgerðum og frágangi verða langtímaáhrif óveruleg. Jákvæð sjónræn áhrif verða þegar loftlína er tekin niður, og eins og áður segir óveruleg langtímaáhrif af raski vegna strenglagningar.

Áhrif á gróður og lífríki eru óveruleg. Af vistgerðum innan heildarrasksvæðis framkvæmdar er snarrótarvist algengust, eða um 20,6% af flatarmáli heildarrasksvæðis. Verndargildi snarrótarvistar er hátt. Stinnastararvist þekur um 16,5% og verndargildi hennar er miðlungs hátt. Starungsmýravist og

runnamýravist á láglandi, sem eru með mjög hátt verndargildi, þekja samtals um 18,4% af flatarmáli heildarrasksvæðis. Um er að ræða votlendisvistgerðir, sem þýðir að um 3.525 m² af votlendi raskist vegna strenglagnarinnar. Ekki er um að ræða svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á bakkagróður nema þar sem strengurinn þverar Brúará.

Lóupræll, spói, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofninum verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar. Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og ástæða til að vernda líffræðilega fjölbreytini. Við framkvæmdir skal leitast við að raska ekki landi á varptíma fugla. Með vandaðri framkvæmd, mótvægisáðgerðum og frágangi verða langtímaáhrif óveruleg og líffræðilegur fjölbreytileiki og búsvæði fugla endurheimtist á 3-6 árum.

Áhrif á vatn eru óveruleg. Stenglögnin þverar eina á, Brúará (104-904-R). Áhrifa á vatnafar mun vænta á framkvæmdatíma vegna skurðgraftar. Áhrif á rekstrartíma verða óveruleg. Umferð vinnuvéla við staumvötn skal takmarka til þess að lágmarka gruggmyndun og forðast olíumengun frá tækjum.

Þá liggur strengurinn um grunnvatnshlotið Lyngdalsheiði (104-305-G) samkvæmt Vatnavefsja Umhverfisstofnunar (Vatnavefsja, 2024). Ástand grunnvatnshlotsins er ekki þekkt, en um er að ræða vatnsmikla grunnvatnsstrauma, sem liggja um svæði sem eru í nálægð við landbúnaðarsvæði, vegi og ýmislegt manngert umhverfi og undir einhverju álagi þess vegna, þrátt fyrir að hafa ekki verið skráð. Efnafræðilegt ástand straumvatnshlotsins Brúará er metið mjög gott en efnafræðilegt ástand skráð óþekkt. Ekkert skráð álag er á vatnshlotið. Helstu áhættuþættir framkvæmdanna m.t.t. áhrifa á vatnshlotin, geta helst falist í lagningu strengsins í botn Brúará og losunar olíumengandi efna frá tækjum á framkvæmdatíma. Með skýru verklagi og frágangi er ekki talið að hætta sé á að hnignun verði á ástandi vatnshlotanna og umhverfismarkmið þeirra náist ekki. Framkvæmdaraðili skal leggja fram sérstakt áhrifamat fyrirhugaðrar strenglagnar á vatnshlotið Brúará og grunnvatnshlotið Lyngdalsheiði áður en leyfi verða veitt. Einnig er talið að lífríki vatns, bakkagróður og umhverfi vatns verði fyrir óverulegum áhrifum til lags tíma.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Spennuhækkun á Selfosslínu 1 er mikilvægur liður í að styrkja svæðisbundna kerfið á Suðvesturlandi og auka afhendingaröryggi og afhendingargetu á svæðinu. Mikil atvinnuuppbygging er fyrirhuguð í sveitarfélögunum Árborg og Ölfusi. Eitt af meginmarkmiðum Aðalskipulags Árborgar 2020-2036 er að efla atvinnutækifæri í sveitarfélaginu með því að bjóða upp á lóðir fyrir fjölbreytt fyrirtæki og atvinnustarfsemi. Þá er markmið sveitarfélagsins einnig að styðja við orkuskipti bílaflotans. Eitt af meginmarkmiðum Aðalskipulags Ölfuss 2020-2036 er einnig að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir fjölbreytt atvinnulíf. Þá er eitt af markmiðum sveitarfélagsins að nýting orku sé meðal forgangsatriða í auðlindastýringu og að þannig verði horft til áframhaldandi uppbyggingar á umhverfisvænni orkunýtingu. Með framkvæmdinni er betur hægt að tryggja öruggan flutning og afhendingu orku á svæðinu og að flutningskerfið standi undir raforkuþörf fyrir fyrirhugaða atvinnustarfsemi og orkuskipti. Framkvæmdin er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er og styðja við orkuskipti á næstu árum.

Áhrif á náttúru og menningarminjar eru óveruleg. Lagnaleiðin hefur verið könnuð af Náttúrustofu Vestfjarðar, með tilliti til fornleifa. Fundust engar fornleifar við þá rannsókn.

Tímabundin neikvæð áhrif verða á svæði á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði á meðan á framkvæmdum stendur. Svæðið er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts gróðurs og fuglalífs. Svæðið er kjörið til útvistar- og fræðslu og er hluti svæðis nýttur til þess í dag. Svæðið þegar raskað og mun taka um 3-6 ár að endurhemta á ný gróðurþekju, búsvæði fugla ásýnd. Áhrif eru því talið óveruleg til langs tíma.

Áhrif af stefnu í gildandi skipulagi

Áhrif á land eru óveruleg/neikvæð. Það eru tamkarkanir á helgunarsvæði loftlína sem landeigendur og framkvæmdaaðilar eru bundnir af. Áhrif á jarðmyndanir eru óverulegar þar sem rask er undir staurastæðum og vinnuslóði sem hægt er að afmá þegar loftlínan verður ekki lengur í notun. Neikvæð sjónræn áhrif eru af loftlínu.

Áhrif á gróður og lífríki eru óveruleg/neikvæð. Áhrif á gróður og lífríki er almennt óverulegt þar sem rask vegna loftlínunnar er gamalt og svæðið hefur náð jafnvægi. Neikvæð áhrif eru af loftlínu vegna áflugsáhættu fugla m.a. himbrima sem er talin viðkvæm fuglategund.

Áhrif á vatn eru óveruleg. Loftlína hefur óveruleg áhrif á lífríki vatns, bakkagróður og umhverfi vatns. Staurastæður og vinnuslóði hefur óveruleg áhrif á vatnsbúskap, vatnavistkerfi og vatnshlot.

Áhrif á samfélag eru neikvæð. Vegna mikillar uppbyggingar er komin þörf á öruggari orkuafhendingu sem loftlínan getur ekki staðið undir. Áhrifin af óbreyttu aðalskipulagi eru því talin neikvæð á afhendingaröryggi raforku, innviði og atvinnulíf.

Áhrif á náttúru og menningarminjar eru óveruleg. Það rask sem orðið hefur af þeim framkvæmdum sem nú eru á aðalskipulagi hefur afmáðst að mestu og í röskuðu landi, eins og svæðið er, þá eru áhrif metin óveruleg á náttúru og menningarminjar.

4.2.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið telur að til langs tíma sé breyting aðalskipulags æskileg og að spennuhærri jarðstrengur verði bæði jákvæðari fyrir náttúru, umhverfi og samfélag heldur en núverandi loftlína. Vanda skal til framkvæmda byggðar á þessari breytingu til að staðbundin áhrif hennar verði lágörkuð og rask verði aðlagð landi eins og hægt er.

5 SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreyting verður kynnt og auglýst í Skipulagsgátt HMS og með auglýsingu í blöðum. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í Skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.


Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Fiskistofa
- Umhverfis- og orkustofnun
- VeiðifélagSogs

Reikna má með að aðalskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst snemma sumars, og staðfest í haust.


Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Írafoss- og Ljósafossstöðvar



- Sveitarfélagamörk
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Opín svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Verslun- og þjónusta
- Íþróttasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Náttúruvá
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Vatnsból
- Svæði breytingar

GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulagsbreytingin var kynnt og auglýst skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Breytingin var samþykkt af sveitarstjórn _____

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

Breytingin var staðfest af HMS _____



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps
Írafoss- og Ljósafossstöðvar

Verk: 114209

Unnið: GAL

Blaðstærð: A4

Rýnt: ÁJ

Mælikvarði: 1:50.000

Breytt dags:

Dags: 20.04.2026